

Alþingi
Erindi nr. P 128/ 347
komudagur 29.11.2002



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir
150 Reykjavík


26. nóvember 2002

Efni: Þingsályktunartillaga um óhreyfð skip í höfnum og skipsflök

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 7. nóvember 2002.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um óhreyfð skip í höfnum og skipsflök. Stjórnin tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram um gildi þess að hafa yfirsýn yfir umfang vandans og hvað það kostar að leysa hann. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að vandi vegna óhreyfðra skipa haldi ekki áfram að vaxa með því að koma á virku kerfi til að afla fjár til niðurrifs og endurvinnslu skipa og báta sem ekki er lengur hægt að nýta.

Stjórn Landverndar vill nota tækifærið til að vekja athygli á því að í vissum tilvikum getur verið nauðsynlegt að leggja mat á menningarsögulegt gildi skipa og báta áður en ákvörðun er tekin um niðurrif þeirra. Þá telur stjórnin að dæmi séu um skipsflök við strendur landsins sem hafa sögulegt gildi jafnframt sem ekki er talið að af þeim stafi nein sérstök hættu fyrir umhverfið. Sé málum þannig háttáð ber að varast niðurrif.

Virðingarfyllst,
Tryggvi Felixson 
framkvæmdastjóri Landverndar